

Mál nr. 72/2010

M

og

vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Líkamstjón vegna áreksturs 2. apríl 2009

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 2. mars 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags V til nefndarinnar, dags. 19. mars 2010 ásamt tjonstilkynningu og myndum.

Málsatvik.

M var farþegi í bifreið sem bifreiðinni A var ekið aftan á við vegþrengingu á Nordurfelli við Iðufell í Reykjavík 2. apríl 2009. Bifreið sú sem M var farþegi í hafði stöðvað fyrir aftan strætisvagn þegar A lenti aftan á henni. Lögregla kom ekki á staðinn en í tjonstilkynningu koma fram takmarkaðar upplýsingar um áreksturinn. Þó kemur þar fram að farþegi í bifreið þeirri sem M var í hafi kennt til í baki eftir áreksturinn. Ekki koma fram skýrar upplýsingar um ökuhraða A fyrir áreksturinn. Í málinu liggja fyrir myndir af bifreið þeirri sem M var farþegi í. Þær sýna nær engar skemmdir á bifreiðinni og hefur V upplýst að bætur fyrir þær skemmdir að fjárhæð kr. 58.700.- hafi verið greiddar til eiganda bifreiðarinnar. M fór strax á slysadeild eftir atvikið og liggur fyrir læknisvottorð þaðan dags. 29. júní 2009 þar sem kemur fram að M greindist með rifbrot við komu á slysadeild auk þess sem gert er grein fyrir frekari óþægindum M við endurkomur á slysadeild í vottorðinu. Í málinu liggur einnig fyrir beiðni um sjúkrahjálfun dags. 15. maí 2009. Engar upplýsingar um fyrra heilsufar eru í gögnum málsins.

M telur með þessum gögnum fullsannað að hún hafi hlotið líkamstjón við áreksturinn. V hefur ekki fallist á að sannað sé að M hafi hlotið líkamstjón við áreksturinn. V vísaði málinu til svokallaðs PC Crash útreiknings og var niðurstaða hans að höggkrafturinn sem varð í árekstrinum samsvaraði 5,36-6,04 km/klst, þyngdarkraftur samsvari 1,7-1,8 g á ökutækið og ætla megi að hraði A hafi verið 12,21 km/klst. Einnig vísar V til norskrar dómaframkvæmdar þar sem lagt er út frá því að ef hraðabreyting sé 10-15 km/klst geti aðeins í undantekningartilvikum valdið heilsutjónið og ef höggkraftur er minni en 11 km/klst séu litlar sem engar líkur á varanlegu heilsutjóni.

Álit.

Álitaefni málsins er hvort sannað sé að M hafi hlotið líkamstjón við árekstur 2. apríl 2009. Almennar sönnunarreglur gera ráð fyrir því að tjonþoli sýni fram á umfang tjóns síns. Í málinu liggja fyrir takmörkuð læknisfræðileg gögn, sérstaklega hvað varðar fyrra heilsufar M. Ekki hefur farið fram sérstakt mat á orsakatengslum eða afleiðingum slyssins. Í læknisvottorði slysadeildar kemur hins vegar fram að þegar M leitaði á slysadeild nokkrum tímum eftir áreksturinn hafi hún verið rifbrotin auk þess sem hún hafði einhver önnur óþægindi sem betur er lýst í vottorðinu. Útreikningar á höggkrafti vegna árekstursins og myndir af bifreiðunum benda til þess að umvægan árekstur hafi verið að ræða. M var tæplega 81 árs þegar áreksturinn varð og af takmörkuðum læknisfræðilegum gögnum er þó hægt að álykta að hún hafi verið um margt veikari fyrir líkamlega en aðrir. Læknir slysadeildar staðfestir að M hafi verið rifbrotin þegar hún leitaði á slysadeild og ekki er unnt að álykta með afgerandi hætti að rifbrotið sé tengt öðru en árekstrinum. Það telst því sannað að M hafi hlotið líkamstjón þegar bifreiðinni A var ekið aftan á bifreið sem hún var farþegi í. Af gögnum málsins verður ekki ráðið hvort um varanlegar afleiðingar er að ræða í skilningi skaðabótalaga nr. 50/1993.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi vegna líkamstjóns M úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík 7. apríl 2010

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.